



Tilboð og styrkir fyrir
fólk í atvinnuleit

MENNTUN ER
BESTA SÓKNIN!



ntv[®]

Nýi tölvu- og viðskiptaskólinn

ÞAÐ HEFUR ALDREI VERIÐ HAGKVÆMARA AÐ FARA Í NÁM!

NTV veitir öllum skjólstæðingum VMST 25% afslátt af þeim námskeiðum sem upptalin eru á bls. 3. Þar til viðbótar veitir VMST 50% námsstyrk, þó að hámarki 70.000.

Ef einstaklingur hefur áunnið sér rétt til námsstyrks hjá sínu verkalýðsfélagi, bætist hann við ofangreind afsláttarskjör.


Hér að neðan er dæmi þar sem einstaklingur greiðir eingöngu tæp 10% af heildarverði námskeiðsins eftir að afslættir og styrkir hafa verið dregnir frá.



Dæmi um afslátt og námsstyrki

SKRIFSTOFU- OG TÖLVUNÁM

VERÐ: 199.000.-



EFNISYFIRLIT

Grunnnám í bókhaldi	4
Skrifstofu- og tölvunám	5
Tölvuviðgerðir	6
Photoshop Expert	6
Auglýsingatækni	7
MCTS og Network+	8
Sölu- og markaðsnám.....	9
MCITP (áður MCSA)	10
Alvöru vefsíðugerð.....	11

NÁMSRÁÐGJÖF NTV

Mikilvægt er að leita til NTV varðandi námsráðgjöf fyrir tækninámskeiðin sem mörg hver eru krefjandi og því áriðandi að nauðsynleg undirstöðumenntun og eða reynsla sé fyrir hendi.

NÁM HJÁ NTV GEFUR EININGAR TIL STÚDENTSPRÓFS

NTV er viðurkenndur af Menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldskólastigi og gefur nám hjá skólanum einingar til stúdentsprófs. Við útskrift fá nemendur blað með áfanganúmerum og áfangaheitum og hafa áfangalýsingar námsins verið yfirfarnar og samþykktar af ráðuneytinu.

VIÐURKENNDUR MICROSOFT SÉRFRÆÐISKÓLI

NTV skólinn er viðurkenndur af Microsoft sem CPLS skóli (Microsoft Certified Partner for Learning Solutions) og uppfyllir allar þær kröfur sem Microsoft gerir til slíks skóla. Markmið NTV er að bjóða hágæða sérfræðinámsbrautir sem uppfylla þarfi bæði fyrirtækja og einstaklinga. Allir kennarar á sérfræði námsbrautum hafa mikla reynslu og eru með alþjóðlegar prófgráður og flestir með MCT gráðu (Microsoft Certified Trainer).

SAMSTARFSSAMNINGUR VIÐ HÁSKÓLA Í DANMÖRKU

NTV hefur gert samstarfssamning við einn stærsta viðskiptaháskóla í Danmörku, EA Business Academy Southwest, sem er staðsettur í Esbjerg og Sønderborg. Þeir viðurkenna tveggja anna nám hjá NTV sem inntökuskilyrði í skólann hjá sér. Sjá nánar á www.ntv.is undir flípanum Starfsnám og brautir.

Þorbjörn Ólafsson er 34 ára matreiðslumaður. Hann hafði starfað í mörg ár við sölumennsku þegar hann ákvað að fara í Sölu-, markaðs-, og rekstrarnám hjá NTV. Að því loknu komst hann inn í Alþjóða Markaðsfræði hjá EA Business Academy Southwest í Esbjerg í Danmörku þar sem hann er við háskólanám í dag.

„NTV opnaði fyrir mér möguleikann á háskólanámi“



GRUNNNÁM Í BÓKHALDI

Almennar upplýsingar

Lengd námskeiðs: 108 kennslustundir

Einingar til stúdentsprófs: 5

Inntökuskilyrði: Nemendur þurfa að hafa lokið grunnskólaprófi, vera orðnir 18 ára og hafa grunnþekkingu á tölvunotkun.

Um námskeiðið:

Markmiðið með námskeiðinu er að þjálfa fólk til starfa við bókhaldsstörf. Námið er byggt upp á kennslu og verklegum æfingum.

Allar námsgreinar eru kenndar frá grunni og rétt er að gera ráð fyrir nokkurri heimavinnu. Öll námsgögn eru innifalin.

Helstu námsgreinar:

Bókhald (36 stundir)

Kennd er undirstaða bókhalds þar sem helstu reikningar eru teknir fyrir og verkefni færð í dagbók. Kennd er afstemming með prófjöfnuði ásamt reikningsjöfnuði, og gerð efnahags- og rekstrarreiknings. Mikið er um verklegar æfingar.

Verlunarreikningur (24 stundir)

Kenndur er sá hluti verlunarreiknings sem mest er notaður í almennri skrifstofuvinnu, s.s. prósentureikningur, afsláttur og álagning, samsettur prósentureikningur, útreikningur marktölu (vísitala), útreikningur á vörureikningi og vaxtareikningi. Mikið af verklegum æfingum.

Tölvubókhald (48 stundir)

Kennd er uppbygging bókhaldslykla, merking fylgiskjala, notkun bókunarbeiðna, hvernig færslur eru skráðar, afstemmingar þ.m.t. hvernig stemmt er af við bankayfirlit. Farið er yfir færslur fyrir nokkra mánuði með tilheyrandi uppgjöri og útskriftum fyrir hvern mánuð. Kennt er á viðskiptahugbúnaðinn Navision MBS sem er eitt mest notaða bókhaldsforrit á markaðnum í dag.

☀ SKRIFSTOFU- OG TÖLVUNÁM

Almennar upplýsingar

Lengd námskeiðs: 258 kennslustundir.

Einingar til stúdentsprófs: 10

Inntökuskilyrði: Grunnskólapróf og 18 ára aldur.

Um námskeiðið:

Almennt skrifstofu- og tölvunám sem hentar öllum sem annað hvort eru á leið út á vinnumarkaðinn, oft eftir nokkurra ára hlé, eða vilja styrkja stöðu sína í starfi. Þetta nám er mjög markvisst og einstakt fyrir það hversu rík áhersla er lögð á að styrkja einstaklinginn og gera hann hæfari að takast á við krefjandi störf á vinnumarkaðnum.

Meðal kennslugreina eru bókhald, tölvubókhald, verslunarreikningur, Word ritvinnsla, Excel töflureiknir, streitustjórnun, gerð kynningarefnis og margt fleira. Í tölvufögunum eru tekin alþjóðleg ECDL próf og fá nemendur alþjóðlegt prófskírteini sem gefið er út af Skýrslutæknifélagi Íslands

Námið samanstendur bæði af kennslu og verklegum æfingum og eru próf í helstu greinum. Allar kennslugreinar eru kenndar frá grunni og er rétt að gera ráð fyrir nokkurri heimavinnu. Öll námsgögn eru innifalin.

Skipting og lengd námsgreina:

- Mannleg samskipti / streitustjórnun - 6 stundir
- Bókhald - 36 stundir
- Tölvubókhald - 54 stundir
- Verslunarreikningur - 24 stundir
- Tímastjórnun - 6 stundir
- Windows stýrikerfið og Internetið - 18 stundir
- Word ritvinnsla - 30 stundir
- Excel töflureiknir - 30 stundir
- Outlook samskiptakerfið - 6 stundir
- Gerð kynningarefnis í PowerPoint - 12 stundir
- Framkoma og framsögn - 6 stundir
- Lokaverkefni - 30 stundir

Ríkey Garðarsdóttir lauk

Skrifstofu- og tölvunámi hjá NTV.

Hún fékk vinnu meðan á náminu stóð

hjá Menntasviði Reykjavíkurborgar.

Hún hætti í kjölfarið að vinna á kvöldin og

um helgar eins og hún hafði gert um langan

tíma og nýtur þess að vera meira með fjölskyldunni.

„Í fyrsta skipti á ævinni
duga átta tímar
til að ná endum
saman!“



TÖLVUVIÐGERÐIR

Almennar upplýsingar

Lengd námskeiðs: 72 kennslustundir

Einingar til stúdentsprófs: 4

Inntökuskilyrði: Góð enskukunnátta.

Um námskeiðið:

Nám fyrir þá sem vilja hasla sér völl á viðgerðarsviðinu. Verklegur undirbúningur fyrir A+ gráðurnar frá Comptia. Eftir námið eiga nemendur að vera í stakk búnir til að uppfæra, bilanagreina og gera við tölvubúnað, ásamt því að setja upp viðeigandi stýrikerfi og koma tölvum í netsamband. Öll námsgögn eru innifalin.

Helstu námsgreinar:

Uppsetningar og bilanaleit á móðurborðum, örgjörvum, spennugjöfum, hörðum diskum, geisladrífum, disklingadrífum, BIOS, skjá kortum, prenturum, skjám, hljóðkortum, modemum, SCSI tækjum, minni o.s.frv.

PHOTOSHOP EXPERT

Almennar upplýsingar

Lengd námskeiðs: 72 stundir

Einingar til stúdentsprófs: 3

Námsbækur og alþjóðlegt próf eru innifaldar í verði

Inntökuskilyrði: Þeir sem hyggja á þetta nám þurfa að hafa góða undirstöðuþekkingu á Windows umhverfinu og einhverja reynslu af Photoshop. Einnig er góð enskukunnátta nauðsynleg þar sem námsgögn eru á ensku.

Um námskeiðið:

Markmiðið með þessu námskeiði er að gera nemendur mjög færa um að vinna sjálfstætt með Photoshop myndvinnsluforritið. Námið hentar því þeim sem vilja fá djúpa þekkingu og ná góðum tókum á þessu vinsæla verkfæri. Náminu lýkur með alþjóðlegu prófi sem gefur gráðuna: Adobe Certified Expert. Námið byggir bæði á kennslu og verklegum æfingum og þarf að gera ráð fyrir nokkru heimanámi.

AUGLÝSINGATÆKNI

Almennar upplýsingar

Lengd námskeiðs: 156 kennslustundir.

Einingar til stúdentsprófs: 6

Inntökuskilyrði: Nemendur þurfa að hafa haldgóða þekkingu á Windows stýrikerfinu og reynslu af Internet notkun. Ekki er krafist þekkingar á teikniforritum, myndvinnslu- eða umbrotsforritum. Nemendur þurfa að geta lesið ensku þar sem námsbækur eru að hluta til á ensku.

Um námskeiðið:

Hér er um að ræða hagnýtt nám fyrir þá sem hafa þörf fyrir tölvutæknina við gerð auglýsinga, kynningarefnis og bæklinga. Kennt er á þau forrit sem aðallega eru notuð við gerð kynningarefnis á stafrænu formi. Markmiðið er að nemendur geti komið frá sér hugmyndum á tölvutæku formi og að frágangur allra verka sé réttur hvort sem það er fyrir prentun eða Internetið. Öll námsgögn eru innifalin.

Helstu námsgreinar:

- Mismunandi gerð kynningarefnis (6 stundir)
- Adobe Illustrator (42 stundir)
- Adobe Photoshop og Imageready (36 stundir)
- Adobe InDesign (30 stundir)
- Meðhöndlun lita (6 stundir)
- Letur og leturfræði (6 stundir)
- Skipulag, vistun og frágangur (6 stundir)
- Samskipti við fjölmiðla og prentsmiðjur (12 stundir)
- Lokaverkefni (12 stundir)



„Núna vinn ég við að gera það sem mér finnst skemmtilegast!“

Samhliða starfi sínu sem þjóni á kaffihúsi lauk Helgi Þór Guðmundsson námi í Auglýsingatækni.

Í framhaldi var hann ráðinn sem sölu- og prentráðgjafi hjá Prentmet. Hann fór svo í Photoshop Expert og hefur nýverið lokið ACE prófinu og er í dag viðurkenndur Photoshop sérfræðingur.

MCTS OG NETWORK+ (ÁÐUR MCP)

Lengd námskeiðs: 108 kennslustundir

Einingar til stúdentsprófs: 4

Inntökuskilyrði: Nemendur þurfa að kunna skil á notendaumhverfi Windows stýrikerfisins og geta lesið ensku, þar sem stór hluti námsefnis er á ensku. Reynsla af rekstri tölvukerfa er ekki nauðsynleg.

Um námskeiðið

Markmiðið með þessu námskeiði er að nemendur öðlist færni og kunnáttu til að setja upp og hafa umsjón með tölvum sem keyra á Windows Vista stýrikerfinu. Nemendur skulu einnig öðlast viðtækan skilning á netkerfum og geta leyst vandamál sem að þeim snúa. Auk þess er kynntur fyrir nemendum Windows 2008 Server. Öll námsgögn eru innifalin.

Að námskeiði loknu á nemandi að geta séð um rekstur meðalstórra tölvuneta.

Meðal þess sem tekið er fyrir á námskeiðinu er:

- Kunnáttu í uppsetningu og uppfærslum í Windows Vista
- Sjálfvirkar uppsetningar
- Meðferð vélbúnaðar og rekla
- Umsjón með notendum og hópum
- Þekking á skráarkerfinu og kvóta
- Aðgangsstýringar í skráarkerfinu og samnýting gagna
- Uppsetning prentara og samnýting þeirra
- Afritatökur og endurheimt
- Kunnáttu í stillingum Windows Vista við notkun í netkerfum
- Skipulagging TCP/IP netkerfa og villuleit
- DHCP og DNS í Server 2008
- Active Directory í Server 2008
- Mikil áhersla er lögð á að nemendur læri vönduð vinnubrögð í rekstri netkerfa.

Námskeiðið er góður undirbúningur fyrir þá sem hyggja á áframhaldandi nám s.s. MCITP.

Námið byggir bæði á kennslu og verklegum æfingum þar sem nemendur spreyta sig við lausnir dæmigerðra vandamála sem upp kunna að koma. Auk þess fá nemendur aðgang að fjarnámsvef þar sem lögð eru fyrir verkefni auk þess sem bent er á ýmislegt ítarefni.

☀ SÖLU- OG MARKAÐSNÁM

Almennar upplýsingar

Lengd námskeiðs: 264 kennslustundir.

Einingar til stúdentsprófs: 10

Inntökuskilyrði: Grunnskólapróf og 18 ára aldur.

Um námskeiðið:

Við bjóðum upp á lífflegt og fjölbreytt nám fyrir þá sem vilja tileinka sér sérþekkingu á sölu- og markaðsmálum, stofna eigið fyrirtæki eða vilja einfaldlega styrkja sig í starfi. Í náminu er farið í hlutverk sölumannsins, samskipti við viðskiptavini, gerð sölu- og markaðsáætlana, gerð kynningarefnis o.s.frv. en náminu lýkur með umfangsmiklu lokaverkefni.

Námið samanstendur bæði af kenndu og verklegum æfingum og eru próf í helstu námsgreinum. Rétt er að gera ráð fyrir nokkurri heimavinnu. Öll námsgögn eru innifalin.

Skipting og lengd námsgreina:

- Hlutverk sölumanns - 6 stundir
- Windows, Internet og tölvupóstur - 6 stundir
- Samskipti við viðskiptavini - 6 stundir
- Sölu- og viðskiptakerfi (Navision) - 24 stundir
- Verslunarreikningur - 24 stundir
- Word ritvinnsla og tilboðsgerð - 30 stundir
- Markaðsfræði - 30 stundir
- Excel töflureiknir og gerð söluáætlana - 30 stundir
- Sölutækni og aðferðir - 18 stundir
- Tímastjórnun - 6 stundir
- PowerPoint og gerð sölukynninga - 12 stundir
- Framkoma og framsögn - 6 stundir
- Auglýsingatækni - 6 stundir
- Markaðsrannsóknir I - 6 stundir
- Markaðsfræði II - 6 stundir
- Publisher umbrot - 6 stundir
- Markaðsrannsóknir II - 6 stundir
- Lokaverkefni og sölukynning - 30 stundir

„Nú uppsker ég
sjálfur því
sem ég sái!“

Svavar Friðriksson hafði lengi alið með sér þann draum að reka eigið fyrirtæki. Eftir að hafa lokið Sölu-, markaðs-, og rekstrarnámi samhliða vinnu hóf hann eigin rekstur. „Ég lærði allt sem ég þurfti til að geta látið drauminn verða að veruleika!“



MCITP NETSTJÓRNUN (ÁÐUR MCSA)

Almennar upplýsingar

Lengd námskeiðs: 242 stundir

Einingar til stúdentsprófs: 7

Inntökuskilyrði: Þeir sem hyggja á þetta nám þurfa að hafa þekkingu og skilning á Windows umhverfinu, og kunna deili á helstu innviðum PC tölvunnar. Góð enskukunnátta er einnig nauðsynleg þar sem allt kennsluefni er á ensku.

Öll námsgögn eru innifalin.

Um námskeiðið:

MCITP námið er fyrir þá sem vilja starfa sem sérfræðingar við umsjón Microsoft netkerfa. Markmiðið með náminu er að nemendur læri undirstöðuatriði við rekstur og hönnun netkerfa byggðum á Windows stýrikerfinu og geti að náminu loknu tekið þau fjögur alþjóðlegu próf sem þarf til að öðlast MCITP gráðuna.

Þetta er nýjasta gráðan hjá Microsoft og er arftaki MCSA prófgráðunnar. Hér er kennt á Windows server 2008 og hentar þetta nám jafnt byrjendum, sem og þeim sem hafa góða þekkingu á Windows umhverfinu og netkerfum.

Kennslan fer fram í formi fyrirlestra, verkefnavinnu og verklegra æfinga. Einnig fá nemendur í hendur aðgang að fjarnámsvef hjá Microsoft (E-learning).

Við kennum Microsoft Official Courseware (MOC) námsefni sem er það námsefni sem Microsoft hefur hannað sérstaklega fyrir þetta nám.

Þessi námsbraut er undirbúningur fyrir eftirfarandi fjögur próf sem gefa MCITP Server Administrator gráðuna. Þessi próf ásamt öllu kennsluefni er innifalið í verðinu.

Prófnúmer - Heiti námskeiðs:

- 070-642 - Windows Server 2008 Network Infrastructure, Configuring
- 070-640 - Windows Server 2008 Active Directory, Configuring
- 070-646 - Windows Server 2008 Administrator
- 070-236 - Exchange Server 2007

Þessi próf gilda svo upp í MCITP (Enterprise Administrator gráðuna)

Helgarnámskeið

Lengd námskeiðs: 150 stundir

Einingar til stúdentsprófs: 7

Þetta námskeið er einnig kennt sem helgarnámskeið. Það eru kennslustundirnar færri, meira um fjarnám og þ.a.l. ódýrara. Helgarnámskeiðið er einnig undirbúningur fyrir þau próf sem gefa MCITP Server Administrator gráðuna.

Helgarnámið skiptist upp í þrjá þætti:

- Kennsla og verkefnatímar (samtals 150 kennslustundir)
- Sjálfsnám - lestur bóka og heimaverkefni
- Fjarnámsvefur - verkefni, spjall, spurningar og svör

ALVÖRU VEFSÍÐUGERÐ

Almennar upplýsingar

Lengd námskeiðs: 210 kennslustundir.

Einingar til stúdentsprófs: 8

Inntökuskilyrði: Þeir sem hafa hug á þessu námi þurfa að hafa haldgóða tölvukunnáttu og þekkja vel til Windows stýrikerfisins og notkun Internetsins. Þar sem mestur hluti námsgagna er á ensku þarf góð enskukunnátta einnig að vera fyrir hendi.

Um námskeiðið:

Undanfarin misseri hafa gagnagrunnstengdar vefsíður rutt sér mjög til rúms þar sem hönnunartækni í vefsíðugerð hefur fleygt fram. Vefir verða sífellt stærri og gagnamagn á þeim eykst stöðugt er nauðsynlegt að síðumagn og viðhald vefsins aukist ekki úr hófi.

Með gagnagrunnstengdum vefjum er hægt að minnka alla umsýslu sem og sjálfvirknivæða viðhald og birtingar á gögnum eftir fyrirfram skilgreindum forsendum.

Þegar nemandinn hefur lokið þessu námskeiði á hann að hafa haldgóðan skilning á vefsíðugerð bæði hvað varðar hefðbundnar vefsíður og síðan gagnagrunnstengdar vefsíður. Nemendur hafi vald á meðferð myndefnis fyrir vefinn og framsetningu þess, hafi skilning á virkni hefðbundinna vefsíðna og læri til þess HTML kóðun.

Nemendur læri að hanna, viðhalda og setja upp gagnagrunna og læri grundvallaratriði SQL fyrirspurnarmálsins og læri að tengja vefsíður við gagnagrunna. Nemandinn hefur þar að auki getu og skilning til þess að nota CSS stílsnið til að stýra útliti vefsíðna.

Mikið er um verklegar æfingar og fá nemendur þannig tækifæri til þess að fara í gegnum verkferli vefsíðugerðar. Í lok námskeiðsins vinna nemendur lokaverkefni.

námsgögn eru innifalin.

Skipting og lengd námsgreina:

Námskeiðinu er skipt í þrjá hluta:

- Myndvinnsla fyrir vefinn - Fireworks CS4 (54 stundir.)
- Almenn vefsíðugerð - Dreamweaver CS4 og HTML (72 stundir.)
- Gagnagrunnstengd vefsíðugerð - Dreamweaver CS4 og Access (84 stundir.)

Lokaverkefni

- Í lok námskeiðsins vinna þeir nemendur sem sitja alla hluta námskeiðsins, ítarlegt lokaverkefni sem reynir á getu og færni nemenda í vefsíðugerð, og fyrir það gefin einkunn.

verð og dagsetningar námskeiða

ALMENNT NÁM

Skrifstofu- og tölvunám - 258 stundir - Verð: 199.000.-

- > Morgunnámskeið byrjar 2. mars
- > Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 17. febrúar
- > Eftirmiðdagsnámskeið byrjar 9. mars

Sölu- og markaðsnám - 264 stundir - Verð: 229.000.-

- > Morgunnámskeið byrjar 16. febrúar
- > Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 17. febrúar

Grunnnám í bókhaldi - 108 stundir - Verð: 99.000.-

- > Morgunnámskeið byrja 17. mars
- > Kvöldnámskeið byrjar 9. febrúar

GRAFÍSKT NÁM

Auglýsingatækni - 156 stundir - Verð: 196.000.-

- > Kvöldnámskeið byrjar 23. febrúar

Photoshop Expert - 72 stundir - Verð: 112.000.-

- > Kvöldnámskeið byrjar 16. febrúar

Alvöru vefsíðugerð - 210 stundir - Verð: 209.000.-

- > Eftirmiðdagsnámskeið byrjar 23. febrúar

TÆKNINÁM

Tölvuviðgerðir - 72 stundir - Verð: 110.000.-

- > Morgunnámskeið byrjar 16. febrúar
- > Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 16. mars

MCITP (áður MCSA) - 216 stundir - Verð: 349.000.-

- > Morgunnámskeið byrjar 3. mars
- > Eftirmiðdagsnámskeið byrjar 2. mars

MCITP (áður MCSA) - 150 stundir - Verð: 314.000.-

- > Helgarnámskeið byrjar 14. febrúar

MCTS og Network+ - 108 stundir - Verð: 139.000.-

- > Morgunnámskeið byrjar 16. mars
- > Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 16. febrúar og 22. apríl



UPPLÝSINGAR OG NÁMSRÁÐGJÖF Í SÍMA 544 4500



BUSINESS ACADEMY SOUTHWEST

- we offer you the following AP Degree & Bachelor Programmes:

ntv samstarfsaðili
á Íslandi.

■ Marketing Management

- **Möguleg störf:** Markaðsstjórnun, auglýsingaráðgjöf, viðskiptastjórnun, innkaupastjórnun og m.fl.
- **Námsstaður:** Esbjerg eða Sønderborg ■ **Tungumál:** Enska eða danska.

■ Computer Science

- **Möguleg störf:** Kerfishönnun, forritun, hugbúnaðarráðgjöf, verkefnastjórnun, kerfisstjórnun
- **Námsstaður:** Esbjerg eða Sønderborg ■ **Tungumál:** Enska

■ Multimedia Design & Communication

- **Möguleg störf:** Vefsíðuhönnun, vefþróun, margmiðlunarráðgjöf, skipulagning auglýsingamála, ráðstefnustjórnun
- **Námsstaður:** Esbjerg ■ **Tungumál:** Enska.

■ Fashion Design

- **Möguleg störf:** Skipulagning og eftirfylgni verkferla og verkefna í fata og tauefnaiðnaði, með hönnun, framleiðslu og kaup & sölu.
- **Námsstaður:** Sønderborg ■ **Tungumál:** Enska.

■ Technical Manager Offshore

- Vertu með til að byggja upp íslenskan olíuiðnað. 3ja ára bachelornám sem gerir þig hæfan til að vinna með Stjórnun og hönnun, ásamt daglegri starfsemi og viðhaldi tækni og tækjamála.
- **Námsstaður:** Esbjerg ■ **Tungumál:** Danska

STUDY IN DENMARK
ESBJERG - SØNDERBORG



ERHVERVS
AKADEMI
SYDVEST